

Hreindýr á Íslandi



Eftir
Birgi Kjaran

Náttúra Íslands, sem heild er fjölbreytileg, ef litið er á flóru, faunu og jarðmyndun landsins. Á áttunda hundrað tegundir æðri og lægri jurta vaxa í landinu. Um 60–70 tegundir steina og bergs hafa fundizt, 900 tegundir skordýra og 230 tegundir fugla, þar af að vísu aðeins 75 varpfuglar. Spendýr eru hins vegar fá, aðeins tíu og þar af sex villt, þ. e. a. s.: Selir, fjallarefur, hreindýr, minkur, rotta, húsamús og hagamús. Flest þeirra hafa átt sér búsetu í landinu allt frá landnámstíð, fyrir um það bil 11. öldum, og sum lengur. Tvær tegundanna fluttust þó fyrst síðar til landsins, hreindýr, sem flutt voru inn fyrir röskum tvöhundruð árum, og minkurinn, sem fyrst var fluttur til landsins fyrir tæpum fjörutíu árum til skinnframleiðslu, en minkurinn lagðist fljótlega út og gerðist villt dýr í íslenskri náttúru. 150 tegundir fiska munu vera í ám og vötnum og við strendur landsins.

Sem frekari séreinkenna Íslands má geta þess, að um 100 eldstöðvar fyrirfinnast á landinu og þar af 30 taldar virkar enn, og að 10.000 km² landsins eru þaktirir hrauni, og að jökull hylur 11% af yfirborði landsins.

En víkjum nánar að spendýrunum og þá fyrst og fremst hreindýrunum, sem eru tignarlegust villtra dýra á Íslandi. Verður hér rakin í stuttu máli landnáms saga hreindýranna á Íslandi og lífshættir þeirra.

Það mun sennilega hafa verið Páll amtmáður Vídalín, sem fyrstur varpaði fram hugmyndinni um innflutning hreindýra. Var það í ritinu „Deo, regi, patria“, sem hann skrifaði 1699 á latínu, en út kom á dönsku í Sorö 1768. Þar leggur hann til, að hestar séu fluttir úr landi og andvirði sölu þeirra varið til kaupa á hreindýrum í Finnörku. Taldi hann þau geta orðið landsmönnum gagnleg, ef þau þrífust hér. En dráttur varð á að málið


næði fram að ganga, og það var ekki fyrr en 19. janúar 1751, sem gefin var út í Kristjánshöll í Kaupmannahöfn tilskipun varðandi flutning hreindýra til Íslands, og var kostnaður af þessu fyrirtækinu áætlaður 40 ríkisdalir.

Það var ekki að ófyrirsynju, að menn létu sér á þessum árum slík bjargræði til hugar koma. Um þær mundir var hart í ári á Íslandi. Hross höfðu fallið árið 1749 og á árunum 1751–58 var hallæri í landinu og mannfellir. Ofan á ill árferði bættist árið 1761 fjárkláðinn, sem barst með enskum hrútum, sem keyptir höfðu verið til fjárræktarbúsins að Elliðavatni. Með sömu hrútum barst og í sauðfé lungnaveiki sem geisaði um landið. Afleiðing þessa varð sú, að fjárstofni landsmanna fækkaði á árunum 1761–1770 um 60%, úr 357 þúsundum í 140 þúsund. Fóru menn þá að hugleiða, að koma sér upp öðrum búpeningi og vaknaði nokkur áhugi fyrir innflutningi hreindýra. Talið er, að Ólafur amtmaður Stephensen hafi átt verulegan hlut að því að hrinda málinu í framkvæmd.

Landnám hreindýra á Íslandi hefst svo með því, að Thodal stiptamtmaður lét árið 1771 flytja 13 hreindýr frá Finnmörku í Noregi til Íslands. Tíu dóu á leiðinni, en þrjú lifðu og var

þeim sleppt í Rangárvallasýslu. Þau virtust tímgastr fremur vel, og eftir 5 ár voru þau orðin 11 að tölu, og þar með fengin nokkur sönnun fyrir því, að hreindýr gætu þrífist á Íslandi. Árið 1777 var því hafizt handa á nýjan leik. Voru þá flutt frá Noregi þrjátíu dýr, sex tarfar og 24 kýr. Komust 23 dýranna lifandi til landsins og var sleppt við Hvaleyri sunnan Hafnarfjarðar. Dýrin runnu til fjalla og héldu sig einkum í fjöllunum milli Kríuvíkur og Selvogs. Þessum hreindýrum virðist hafa fjölgað ört og haglendi á Reykjanesskaga verið þeim til hæfis. Brezkur ferðalangur að nafni Ebenezer Henderson, sem ferðaðist um Ísland árið 1814, getur þess t. d. í ferðabók sinni, að hann hafi í nánd við Hveradali rekizt á hreindýrahjörð, sem í voru fimmtíu dýr. Þegar árið 1786 var stofninn orðinn svo stór, að hreindýra varð víða vart í Gullbringu- og Árnes-sýslu. Hreindýrastofninn, sem gekk á land 1777, lifði þó ekki af vaxandi þéttbýli í þessum héraðum og er talið, að hann hafi orðið aldauða árið 1930.

Þriðji hreindýrahópurinn var svo landsettur við austanverðan Eyjafjörð árið 1783, og sleppt í Vaðlaheiðina. Höfðust þau lengi vel þar við og í Þingeyjarsýslu víða. Um 20–30 dýr voru talin vera á öræfunum suður og vest-



Hreinýr á beit. — Ljós m.: Edvard Sigurgeirsson.

ur af Dettifossi árið 1930, en sá hópur hvarf haustið 1936. — Síðasti hreindýrainnflutningurinn til landsins á sér svo stað árið 1787, er 35 hreindýrum var hleypt á land í Vopnafirði. Frá þessum hreindýrum og e. t. v., þeim, sem sett voru á land í Eyjafirði, eru komin hreindýr þau, sem nú hafast við á öræfum Múlasýslu og voru 2300 fullvaxin dýr og um 700 kálfar við talningu 1969, og heildin komin upp í 3.300 dýr og hefur því dafnað vel. Hafast þau yfirleitt við á hálendissvæðinu frá Berufirði norður að ánni Kreppu, mest þó

í svonefndum Kringilsárrana og við Snæfell — á hinu grózkumikla hálendi, sem er í skjóli Vatnajökuls, mesta jökuls Evrópu.

Landnámstaka hreindýranna á Íslandi hefur því náð yfir 17 ár, eða frá 1771 til 1787, og samtals hafa verið flutt inn og komist lífs af um 60–70 dýr í fjórum ferðum. — Nú var kominn upp dálítill stofn hreindýra í landinu og því var um að gera að vernda hann, unzt hann yrði nægilega stór til þess að gefa arð, — arð af kjöti, skinnum og hornum, því að fljótlega urðu menn

afhuga því að halda hreindýr á Íslandi, sem húsdýr. Sú hafði hugmyndin að vísu verið á sínum tíma og þá jafnframt að flytja inn Lappa til þess að kenna landsmönnum hreindýrarækt. — Til þess að vernda hreindýrin var með lögum frá 21. júní 1787 bannað með öllu að skjóta hreindýr. — En dýrunum fjölgaði óðum. Árið 1790 var álitid að stofninn í Vaðlaheiði væri orðinn 300–400 dýr og stórir flokkar sástu í Múlasýslum um svipað leyti og jafnvel í Bláfjöllum syðra 50–60 dýr í hóp. Þá fóru menn að óttast um offjölgun þeirra og ofbeiti á afréttum, sem kæmi stuðfjárbúskapnum í koll. Því var það, að árið 1790 var leyft að skjóta 90 dýr, aðeins karldýr þó. Árið 1817 var gengið feti lengra og leyft að skjóta öll hreindýr, nema kálfa á fyrsta ári. En 1849 var lokasporið stigið með því að heimila öllum að skjóta hreindýr á hvaða aldri sem væru. Af þessu leiddi stórfækkun stofnsins og gereyðing hans í sumum héruðum landsins.

Þá kom að því aftur, að menn fóru að óttast um örlög stofnsins og árið 1882 hófst takmörkun á hreindýradrápi á Íslandi. Þá var bannað að skjóta dýrin á tímabilinu 1. janúar til 8. nóvember ár hvert og svo voru þau alfriðuð 8. nóvember 1901 þar til árið 1934.

Þrátt fyrir öll lög um hrein-

dýraverndun gekk augljóslega á stofninn, svo að árið 1939 var borið fram á Alþingi frumvarp um friðun hreindýra og eftirlit með þeim. Jafnframt var gerður út leiðangur til þess að kanna raunverulega tölu þeirra. Kom þá í ljós að uggur manna var ekki ástæðulaus, því að leiðangursmenn töldu ekki nema rúmt hundrað dýra. Varð þetta tilefni þess að sett voru ný lög (22. desember 1939), sem friða hreindýrin, en ráðherra þó heimiluð fækkun þeirra ef nauðsyn krefur, einkum hreintarfa. Í samræmi við þetta, hafa hreinaveiðar verið leyfðar á Íslandi innan mjög ákveðinna marka og veiðitími ákveðinn. Loks voru á Alþingi 1954 samþykkt ný lög um friðun hreindýra og eftirlit með þeim. Samkvæmt þeim lögum og reglugerð, eru hreindýraveiðar aðeins leyfðar röskan mánaðartíma á ári hverju, venjulega að hausti og þá tiltekin tala þeirra dýra, sem fella má á veiðitímanum. Hefur hún oft verið ákveðin í kringum 600 dýr. Stjórnskipaður eftirlitsmaður hefur eftirlit með skotvopnum veiðimanna, að þau séu af hæfilegum stórleika, og að kanna skotfimi þeirra, því að nokkur brögð hafa verið að því, að ófimar skyttur hafa verið að verki og með of veigalítill skotvopn; ekki fellt dýrin, heldur sært þau illa.

Hreindýrin í landinu hafa verið talin reglulega síðan árið 1940. Fyrst af mönnum á fæti eða á hestbaki eða einhverju aksturstæki, en síðan árið 1957 hafa hreindýrahjarðirnar verið taldar eftir ljósmyndum, sem teknar hafa verið úr flugvélum og hefur sú talning vitanlega verið miklum mun nákvæmari. Fer hér á eftir tafla, sem gefur yfirlit um tölu hreindýra á Íslandi samkvæmt þessum talningum:

Árið	Hreindýr
1964	1700
1965	2278
1967	2555
1966	2390
1968	2891
1969	3273

Þá fylgir hér og tafla, sem sýnir tölu þeirra veiðileyfa, sem árlega hafa verið gefin út og jafnframt, hversu mörg dýr hafa árlega verið felld.

Árið	Hreindýr	Ár:	Heimilað að v.:	Veidd hreind.:
1940	150	1954	600	443
1941	rúml. 230	1955	600	377
1942	300	1956	600	300
1943	383	1957	600	202
1944	430	1958	600	196
1945	520	1959	600	490
1946	um 610	1960	600	384
1947	rúml. 820	1961	600	268
1948	um 1000	1962	600	285
1949	um 1335	1963	600	338
1950	um 1610	1964	600	300
1951	vantar	1965	Ekki heimiluð veiði	
1952	vantar	1966	—	
1953	vantar	1967	—	
1954	um 2000	1968	600	600
1955	um 2000	1969	600	600
1956	um 1380			
1957	um 1790			
1958	um 1882			
1959	um 2376			
1960	2213			
1961	Vantar tölur			
1962	—			
1963	—			

Þegar hreindýraveiðar hófust fyrst hér á landi voru þær ljótur og ójafn leikur. Hefur þeim af kunnugum manni veri lýst á þessa leið:

„Aðferðirnar við hreindýra-

veiðar voru aðallega með tvennu móti: að elta þau uppi og drepa þau með hníf, en hin aðferðin að skjóta þau. Fyrst eftir að veiðar þessar hófust hér í sýslu voru þær mest stundaðar á þann hátt að elta dýrin uppi. Tóku sig þá saman nokkrir menn og lögðu af stað upp til heiða. Höfðu þeir með sér hunda marga. Var bezt að þeir væru sem grimmastir og var sótt eftir góðum veiðihundum. Að vopni hafði hver maður beittan og sterkan skeiðarhníf, sem festur var með skeiðum á buxnahald hans hægra megin, svo að fljótt væri gripið til hans ef þörf gerðist. Veiðiferðir þessar voru oftast farnar á haustin eða fyrri hluta vetrar og helzt í miklum mjúkum snjó, svo að skíðafæri væri gott, því að oft voru þau notuð í þessar ferðir. En aftur á móti var erfitt fyrir dýrin að kafa snjóinn. Enda var árangur fararinnar mikið undir því kominn að hægt væri að þreyta dýrin sem fyrst og gera þau uppgefin. Var nú haldið áfram og stefnt á þær slóðir, þar sem frekast var von dýranna. En það var helzt, ef snjór var mikill, á hæðum og fellum, sem frekast reif af, því að þar var bezt jörð fyrir dýrin. Þar söfnuðust þau oft saman í all stóra hópa.

Þegar veiðimennirnir komu auga á hreindýraflokk, siguðu þeir hundunum á dýrin og

hvöttu þá sem mest þeir máttu. Tóku þá dýrin sprettinn og héldu venjulega hópinn. En þegar fyrsti spretturinn var búinn var oft, að eitt dýrið nam staðar og stóð framan í hundunum. Mun það að jafnaði hafa verið forystudýr flokksins, eða þá það dýrið, sem seinfærast var. Þetta var það, sem veiðimennirnir vildu. Þeir umkringdu dýrið og hvöttu hundunum, sem mest þeir máttu. Dýrið átti nú í vök að verjast. Hundarnir sóttu að því úr öllum áttum og reyndu að bíta það í fæturna. En dýrið varðist vel. Það beitti fyrir sig hornunum og jafnvel fótunum, og var mjög liðugt að snúa sér við í hundaþvögunni. Og fyrir kom að dýrið banaði einhverjum hundinum. Á meðan þessi hildarleikur stóð á milli dýrsins og hundanna, nálguðust veiðimennirnir dýrið úr öllum áttum, með brugðna hnífa í höndunum. Þegar þeir sáu að dýrið var farið að þreytast, eða orðið sárt eftir hundana, réðist einn eða fleiri af veiðimönnunum á dýrið og reyndu að ná í hornin á því eða einhverju góðu taki. Tækist það, lagði veiðimaðurinn hnífnum í háls dýrsins og reyndi um leið að snúa það niður með snöggu átaki. Tækist hvort tveggja, að leggja dýrið með hnífnum og snúa það niður, var venjulega auðvelt að drepa dýrið í þess-



Hreindýrahópur á Vesturöræfum. Ljós. Ágúst Böðvarsson.

ari fyrstu atlögu. En ef annað hvort mistókst, slapp dýrið úr höndum mannanna, en venjulega ekki langt, því að hundarnir sáu um það og umkringdu það þegar aftur. Réðust þá mennirnir á nýjan leik að dýrinu og þá oft með betri árangri. Þannig endurtóku veiðimennirnir og hundarnir árásirnar á dýrið, þar til það hné að velli af þreytu, mæði og sárum.“

Þá munu hreindýrahjarðir stundum hafa verið reknar fram af standbjörgum, svo sem Ásbyrgi. Síðan hefur þessi veiðiskapur sem betur fer allur breytzt og orðið mannúðlegri, enda undir ströngu eftirliti, hvað skot-

vopn og skothæfni veiðimanna snertir, eins og fyrir segir.

En hvers virði eru villtu hreindýrin Íslendingum, þar sem þau eru auk augnayndis aðeins veiðibráð. Við vitum að tömdu hreinarnir eru Löppum lífvættur. Þau klæða þá, fæða þá og láta þeim í té efni í rekkjuvoðir, tjöld og húsnæði, auk þess, sem þau eru dráttardýr þeirra. — Íslenzkum bændum sumum hverjum eru þau og enn í dag nokkur búbót. Afurðir hreindýra seljast allháu verði nú á dögum. Kjötið þykir lostæti og hvert meðal dýr leggur sig á um 50 kg., gömul graðdýr komast upp í 80 kg. Hreindýrakjöt líkist fuglakjöti á

bragðið, getur þó verið töluvert feitara, því að þumlungaþykk fita er stundum á mölum og lærum tarfanna. Hreinalifur er og mikið góðgæti, og sínu ljúffengari en kinda- eða kálfalifur. Skinnið er heldur þunnt og haldlítið til skógerðar, en var hér áður fyrr notað í skóbryddingar og þvengjaskinn og þótti hlý ábreiða í annars köldum bólum. Nú þykja vel verkaðir feldir falleg stofuprýði. Hornin voru áður fyrr góð útflutningsvara og einnig notuð heima til smíða, smíðaðar úr þeim uglur, sem settar voru á reipi, á klifberaklakka, handföng á stafi, úr þeim gerð nálhús, barnadúsir (snuð) og tóbaksdósir og hnífasköft, skutlar og spjót. „Kjöt þótti best af hreinum, veiddum í ágústmánuði. Þá voru tarfarnir feitastir og skinnið best, segir hinn frægi landkönnuður Vilhjálmur Stefánsson um hreinaveiðar í Alaska. Hvernig þessu er varið hér á landi þori ég ekki að fullyrða. — Hreindýrshorn þóttu áður og þykja enn fagurt útskurðarefni og margur hagar Austfirðingur hefur skorið sinn óskadraum í hreindýrshorn. Hreindýrshornin sókpu fyrr á tímum vott af fögrum íslenskum heimilisiðnaði, — kannske eiga þau enn eftir að leggja högum höndum til efni í varning, sem aðrar þjóðir girnast? — Til gamans má geta þess,

að íslenzku villtu hreindýrin eru talin að þriðjungi þroskameiri en hin norsku tömdu.

Svo sem allir, sem barnaskólanáttúrufræði hafa lesið, vita er eitt af einkennum hreindýra það að kýr fella horn venjulega 5—7 dögum eftir burð (maí—júní) og er meðgöngutími þeirra 240 dagar. Taka horn þeirra að vaxa á ný 2—3 dögum eftir fellingu. Tvævetra tarfar fella horn snemma í marz, en þrævetra og eldri miklu fyrr (nóvember — desember), þ. e. a. s. skömmu eftir fengitímamann. Á ungnæytum taka horn að vaxa á ný 10 dögum eftir fellingu, en á gömlum törfum í marz. Tarfar „hreinsa“ fyrst hornin, svo kýr og síðan kálfar. Þ. e. a. s. á meðan horn dýranna eru að vaxa eru þau lin og blóðrík, þakin þunnri húð með stuttu floskenndu hári, svörtu. Húð þessi skorpnar svo og fellur af, þegar hornin eru fullþroska, og nudda dýrin hana oft af á hrís og kræklum, hreinsa hornin. Síðan harðna hornin brátt og hvítna.

Sem betur fer er saga íslenzku hreindýranna ekki fyrnt smábrot úr landnámssögu spendýra á Íslandi, heldur varanlegur og lifandi kapítuli í íslenskri náttúru sögu. Fáskrúðari væri vor veröld án þeirra, dýranna, sem búa handan fjallanna, þar sem útilegumenn leituðu áður einir at-hvarfs. — Og hafa jafnvel stjakað

við skáldum og gefið þeim reisu. — Höfuðskáld okkar í óbundnum máli Gunnar Gunnarsson og Halldór Kiljan Laxness hafa báðir felld þau inn í frásagnir sínar.

Ég hef átt því láni að fagna að sjá nokkrar hreindýrahjarðir á Íslandi, villtar í faðmi örfanna. Ég hefi og séð skyldmenn þeirra í réttum Lappanna norður við heimskautsbaug og í ótal dýragörðum. — En jafnan varð mér hugsað heim til okkar hreindýra. — Mér fannst þau reishærri. — Enda eru okkar einu hreinahjarðirnar í Evrópu, sem ganga villtar, utan einhverra dýra á Svalbarði.

Þessum ófullkomna pistli vil

ég ljúka með orðum þess manns, sem trúlega hefur varið meirihluta starfsorku sinnar og betur beitt góðum penna til þess að verja málstað varnarlausra íslenskra hreindýra en aðrir, en hann segir um íslensku hreindýrin:

„Þessi litla hjörð er úrval stofnsins, þrautpínd og hert um tveggja alda skeið, og hefur reynzt ódrepanði.“

Látum hann verða sannmælinn, — að ljónstyggi, léttstígi dýr, hljóð eins og örfanáttúran sjálf megi um aldir reisa horn sín úr kjarri, leggja á rás og vísa okkur veginn til lands okkar allra — íslenskra óbyggða.

